

Frumvarp til laga

um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Ráðuneytið leitar umsagnar Bændasamtaka Íslands á hverri umsókn.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

4. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 11. gr., 24. gr., 26. gr., 4. mgr. 29. gr., b-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 46. gr., 2. mgr. 47. gr., 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 70. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Bændasamtök Íslands.

5. gr.

III. kafli laganna, **Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs**, 5. og 6. gr., fellur brott.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands annast verðskráningu þeirra búvara sem tekin er verðákvörðun um samkvæmt kafla þessum og auglýsa verðákvæðanir og viðmiðunarverð sem ákveðin eru samkvæmt kafla þessum.

8. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Áður en ráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Bændasamtökum Íslands og samtökum þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. koma þrír nýir máslíðir sem orðast svo: Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að fela samtökum afurðastöðva verkefni samkvæmt þessum kafla. Skal það þá gert með sérstökum samningi sem skal staðfestur af ráðherra. Í slíkum samningi skal kveðið á um að samtök afurðastöðva lúti eftirliti Bændasamtaka Íslands við framkvæmd verkefnanna og að þau geri Bændasamtökum Íslands grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samningsins.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

10. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld og verðjöfnunargjöld samkvæmt kafla þessum eru aðfararhæf.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Framkvæmdanefnd búvörusamninga.
- b. 7. mgr. fellur brott.

12. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Bændasamtaka Íslands og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

13. gr.

2. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

14. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 42. gr. laganna kemur: stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðastöðvum.
- b. Í stað orðanna „Framleiðsluráðs landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdanefndar búvörusamninga.

16. gr.

2. másl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

17. gr.

Við 2. mgr. 47. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ákvörðun Bændasamtaka Íslands um staðfestingu eða synjun staðfestingar á aðilaskiptum með greiðslumark má skjóta til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr.

18. gr.

50. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráði landbúnaðarins“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: landbúnaðarráðuneytinu.

21. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlandan og erlendan markað. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

22. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands láta safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá skulu samtökin gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.

Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta samtökunum í té allar upplýsingar er þeim geta að gagni komið við störf þeirra og þeir geta veitt, þar með talið upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

23. gr.

68. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997.

24. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 2,55% af gjaldstofni skv. 3. gr.

25. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	<i>Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt</i>	<i>Önnur afurðavelta</i>
Til Búnaðarsjóðs	1,4% af stofni	1,75% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á töflu í viðauka við lögin:

- Í stað hlutfallstalnanna „0,125“ og 0,325 í undirdálkinum BÍ kemur: 0,3, og: 0,5.
- Í stað hlutfallstölunnar „2,650“ í dálkinum Alls kemur: 2,550.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá þeim tíma taka Bændasamtök Íslands við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra eins og það er orðað í 5. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Ráðinu var komið á fót með lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., og hefur það starfað allar götur síðan að framleiðslu- og verðlagsmálum landbúnaðarins.

Í upphafi var ráðið skipað þannig að fimm menn voru kosnir af Stéttarsambandi bænda og fjórir voru skipaðir af stjórn Stéttarsambands bænda eftir tilnefningu frá Mjólkursamsölnni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands, mjólkurbúum utan mjólkurssvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þeirri deild Sambands íslenskra samvinnufélaga sem hafði með sölu landbúnaðarafurða að gera. Sú skipan hélst að mestu leyti óbreytt þar til ný heildarlög voru sett um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985.

Samkvæmt lögum nr. 46/1985 skyldi ráðið skipað fimmtán fulltrúum, þar af tólf fulltrúum kjörnum af Stéttarsambandi bænda og tveimur skipuðum af stjórn Stéttarsambands bænda eftir tilnefningu frá félagsráði Osta- og smjörsölnunnar og allra sláturleyfishafa í landinu. Þá

skyldi landbúnaðarráðherra tilnefna einn mann í Framleiðsluráð og var sú nýbreytni tekin upp til að efla tengsl milli Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra.

Samkvæmt núgildandi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, er Framleiðsluráð landbúnaðarins skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn Bændasamtakanna skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem ýmis samtök framleiðenda og seljenda landbúnaðarafurða tilnefna. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið.

Svo sem fyrr segir hefur ráðið frá stofnun þess haft ýmis lögbundin verkefni sem snúa að framleiðslu- og verðlagsmálum landbúnaðarins. Með lögum nr. 46/1985 var viðamikil breyting gerð á lögbundnum verkefnum ráðsins og var verulegur hluti þeirra færður til landbúnaðarráðherra. Þá urðu breytingar á verkefnum ráðsins með setningu reglugerðar um greiðslur úr fódursjóði nr. 431/1996, en með reglugerðinni færðust þau verkefni frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra. Fram til 1. janúar 1998 hafði ráðið með höndum innheimtu svonefndra sjóðagjalda sem eru nánar tiltekið gjöld til Búnaðarmálasjóðs á grundvelli laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, gjöld til Bjargráðasjóðs á grundvelli laga nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð, Framleiðsluráðsgjöld á grundvelli 25. gr. laga nr. 99/1993 og neytenda- og jöfnunargjöld á grundvelli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Með lögum um búnaðargjald nr. 84/1997 voru lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 25. gr. laga nr. 99/1993 felld úr gildi. Lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, voru felld úr gildi með lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Með lögum nr. 126/1997 var lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, breytt á þann veg að um tekjur Bjargráðasjóðs af búnaðargjaldi var vísað til 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, og viðauka með þeim lögum. Í 6. gr. laga um búnaðargjald og viðauka með þeim lögum er kveðið á um hlutdeild Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka, Bjargráðasjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi. Þá var innheimta sjóðagjalda, það er búnaðargjalds, færð frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til innheimtumanna ríkissjóðs. Með þeim breytingum sem urðu á starfsemi ráðsins með lögum nr. 46/1985 og í kjölfar gildistöku reglugerðar nr. 431/1996 og þeim breytingum sem urðu á innheimtumálum 1. janúar 1998 hefur því veigamiklum þætti í starfsemi Framleiðsluráðs lokið.

Tekjur ráðsins hafa einkum verið lögboðin gjöld af búvörum, þóknanir vegna innheimtu, vörslu og ráðstöfunar ýmissa sjóða og umsýsluþóknanir frá ríkinu vegna lögbundinna verkefna ráðsins. Fjárhagur ráðsins hefur verið sjálfstæður frá því að það var sett á fót árið 1947 og var fram til ársins 1998 ekki á fjárlögum. Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, voru hins vegar gerðar verulegar breytingar á framsetningu frumvarps til fjárlaga, meðal annars þær að frumvarp til fjárlaga skal nú sett fram á rekstrargrunni, auk þess sem það skal sýna greiðsluhreyfingar. Áður hafði fjárlagafrumvarpið verið sett upp á greiðslugrunni. Með framsetningu fjárlaga á greiðslugrunni voru sýndar ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar, þ.e. samtímaráðstöfun fjár til tiltekinna verkefna. Framsetning fjárlaga á rekstrargrunni, jafnframt því að sýndar eru greiðsluhreyfingar, hefur í för með sér að hér eftir kemur það fram í fjárlögum ef rekstur aðila er fjármagnaður að einhverju leyti með hlutdeild í ríkistekjum, þ.e. ef lögboðin gjöld skulu renna til aðila. Í samræmi við þessa breytingu á framsetningu fjárlaga voru til dæmis Samtök iðnaðarins og Framleiðsluráð landbúnaðarins tekin á fjárlög í fyrsta skipti árið 1998.

Á vettvangi samtaka bænda hefur um nokkurt skeið verið fjallað um skipulag og uppbyggingu samtaka og stofnana landbúnaðarins. Eftir búnaðarþing 1998 voru skipaðir tveir vinnuhópar til að vinna að málinu. Átti Framleiðsluráð landbúnaðarins aðild að hópunum. Í janúar

1999 var málið komið það langt í vinnslu að stjórn Bændasamtaka Íslands samþykkti á fundi sínum að leita eftir því, í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins, að landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til endurskoða lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með tilliti til færslu verkefna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til Bændasamtaka Íslands. Framleiðsluráð tók undir þetta og nefndin var skipuð af landbúnaðarráðherra 5. febrúar 1999. Málið var rætt á búnaðarþingi 1999 og samþykkti þingið með samhljóða atkvæðum að stjórn Bændasamtaka Íslands hæfi þá þegar vinnu við „yfirfærslu verkefna Framleiðsluráðs landbúnaðarins til Bændasamtakanna, þannig að þau hafi tekið við þeim 1. janúar árið 2000“.

Eins og áður segir hefur verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins farið fækkandi á undanförunum árum. Með hliðsjón af þeirri þróun og í ljósi þess að frá upphafi hafa verið nán tengsl milli Framleiðsluráðs landbúnaðarins annars vegar og annarra samtaka bænda hins vegar, sem og þess að fyrir liggur eindregin afstaða Bændasamtaka Íslands og búnaðarþings, er með frumvarpi þessu lagt til að Framleiðsluráð landbúnaðarins verði lagt niður og að sá hluti verkefna ráðsins sem er lögbundinn og nauðsynlegur verði færður til annarra aðila, fyrst og fremst til Bændasamtaka Íslands.

Að því leyti sem Bændasamtökum Íslands er með lögum þessum fengið í hendur opinbert vald til að taka ákvörðun um réttindi og skyldu manna lúta samtökin stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, og þá lúta samtökin enn fremur að þessu leyti ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996, með síðari breytingum. Í þessu felst meðal annars að taki samtökin ákvörðun um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli þess opinbera valds sem þeim er fengið með lögum þessum er viðkomandi aðila heimilt að skjóta þeirri ákvörðun með kærui til landbúnaðarráðuneytisins sem æðra stjórnvalds, að því leyti sem úrskurðarvaldið er ekki í höndum úrskurðarnefndar um greiðslumark sem starfar skv. 42. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Að öðru leyti en hér segir um efni frumvarps þessa er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nágildandi ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni fulltrúa í tilraunaráð við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri tilnefningu þegar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur verið lagt niður.

Um 2. gr.

Í nágildandi ákvæði 3. mgr. 22. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er gert ráð fyrir umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins á umsókn um staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins á stofnun nýbýlis. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir umsögn Framleiðsluráðs þegar það hefur verið lagt niður.

Um 3. gr.

Í nágildandi 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimiluð afnot af forðagæsluskýrslum en samkvæmt ákvæðinu hafa Bændasamtök Íslands yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og úrvinnslu upplýsinga

um forðagæslu. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri heimild þegar Framleiðsluráð hefur verið lagt niður.

Um 4. gr.

Um athugasemdir við þessa grein er vísað til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

III. kafli nógildandi laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ber heitið „Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs“. Í 5. gr. nógildandi laga er kveðið á um hlutverk og skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins og í 6. gr. er kveðið á um verkefni ráðsins. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að Framleiðsluráðs verði lagt niður er ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstöku kaflanúmeri og heiti í lögnum um það eða sérstökum greinum í lögnum um hlutverk, skipan og verkefni ráðsins.

Um 6. gr.

Í 16. gr. nógildandi laga er gert ráð fyrir að verðlagsnefnd geti undanskilið einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri umsögn þegar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur verið lagt niður.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði taka Bændasamtök Íslands yfir verðskráningu búvara sem verðákvörðun er tekin um hverju sinni. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þetta verkefni samkvæmt gildandi lögum, sbr. 6. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 4. mgr. 19. gr. nógildandi laga er gert ráð fyrir að áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skuli leita tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að tillöguréttur Framleiðsluráðs landbúnaðarins færist til Bændasamtaka Íslands við niðurlagningu ráðsins. Þá er áréttað að landbúnaðarráðherra taki ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum, samanber ákvæði 27. gr. laganna.

Um 9. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að annast verðmiðlun. Í a-lið 9. gr. er kveðið á um heimild Bændasamtaka Íslands til að fela afurðastöðvum verkefni samkvæmt sérstökum samningi þar um sem skal staðfestur af ráðherra. Þá er kveðið á um að Bændasamtök Íslands hafi eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt slíkum samningi og að afurðastöðvum beri að veita samtökunum upplýsingar um þær ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt slíkum samningi. Er slíku fyrirkomulagi ætlað að tryggja réttaröryggi þeirra einstaklinga og lögaðila sem þessi verkefni varða.

Samkvæmt orðum ákvæðisins er stjórn Bændasamtaka Íslands veitt heimild til að fela öðrum verkefni og er því framkvæmdastjórn samtakanna eða framkvæmdastjóra ekki heimilt að taka þá ákvörðun.

Í b-lið er lagt til að ný málsgrein bætist við 24. gr. laganna sem kveði á um að ef tekin hefur verið ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. laganna sé afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á hinu innheimta verðskerðingarfé. Ákvæðið er samhljóða nógildandi ákvæði 7. mgr. 29. gr. laganna en í b-lið 11. gr. frumvarpsins er lagt til að sú málsgrein verði felld brott, enda þykir betur fara á því að greininni sé komið fyrir á þeim stað sem hér er lagt til.

Um 10. gr.

Samkvæmt 27. gr. nógildandi laga eru verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld, verðjöfnunargjöld og gjald til Framleiðsluráðs skv. V. kafla laga nr. 99/1993 aðfararhæf. Svokallað Framleiðsluráðsgjald var felld úr gildi með 7. gr. laga nr. 84/1997 og því eðlilegt að fella út tilvísun til þess í 27. gr. laganna.

Um 11. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að kynna sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum ákvörðun um útflutningsþörf kindakjöts. Þá er enn fremur kveðið á um að afurðastöð skuli standa Bændasamtökum Íslands skil á innheimtu verðskerðingarfjár skv. 20. gr. laga nr. 99/1993, í stað Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður. Í 11. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að heimila sölu mjólkur sem er umfram heildargreiðslumark innan lands fari til Framkvæmdanefndar búvörusamninga, en sú nefnd er skipuð fulltrúum landbúnaðar- og fjármálaráðuneytis annars vegar og fulltrúum bænda hins vegar og fjallar nefndin um framkvæmd svonefndra búvörusamninga.

Um 12. gr.

Samkvæmt 34. gr. nógildandi laga skal leita tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður en gefnar eru út reglugerðir um beitingu ákvæða VII. kafla laganna. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir þeim tillögurétti þegar ráðið hefur verið lagt niður.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 46. gr. nógildandi laga skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda skrá yfir greiðslumark lögbyla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Í 13. og 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þetta verkefni færist til Bændasamtaka Íslands, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið.

Um 14. gr.

Samkvæmt 42. gr. nógildandi laga tilnefna Bændasamtök Íslands einn mann í úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt ákvæðinu. Þar sem Bændasamtök Íslands munu samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, taka við þeim verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem leitt geta til kæru til úrskurðarnefndar þykir rétt að fella niður tilnefningu samtakanna í nefndina. Lagt er til að í stað Bændasamtaka Íslands tilnefni stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins einn mann í nefndina.

Um 15. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að gera áætlun um neyslu innlendra mjólkurvara á komandi

verðlagsári. Í 15. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að samtökin skuli byggja þá áætlun á upplýsingum frá afurðastöðvum. Þá er kveðið á um að í stað Framleiðsluráðs skuli Framkvæmdanefnd búvörusamninga gera tillögu um heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár.

Um 16. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 14. gr.

Um 17. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að staðfesta aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur. Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til að skjóta ákvörðun Bændasamtakanna um slíka staðfestingu eða synjun staðfestingar til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr.

Um 18. og 19. gr.

Í 50. gr. gildandi laga segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins skuli stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins. Í 2. mgr. 51. gr. laganna segir að áður en opinber lánastofnun taki ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur skuli stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd. Ekki þykir ástæða til að kveða á um nefnd verkefni í lögum þegar Framleiðsluráð hefur verið lagt niður.

Um 20. gr.

Í 3. mgr. 55. gr. gildandi laga segir að seljanda og kaupanda búvöru sé skylt að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um söluna, þar á meðal um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að skilyrði 1. og 2. mgr. 55. gr. laganna hafi verið uppfyllt. Í 20. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að viðkomandi aðilar skuli standa landbúnaðarráðuneytinu skil á nefndum upplýsingum. Þykir það fyrirkomulag eðlilegt með hliðsjón af ákvæði 3. gr. laganna þar sem kveðið er á um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til.

Um 21. gr.

Í 59. gr. nógildandi laga segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði sé heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlandan og erlendan markað og að slíkt samkomulag öðlist ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hafi staðfest það. Í 21. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir óbreyttri heimild til handa afurðastöðvum, en án aðkomu annarra aðila en landbúnaðarráðherra sem staðfestir samkomulagið eins og áður.

Um 22. gr.

Í 65. gr. nógildandi laga segir að Framleiðsluráð láti safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá segir í ákvæðinu að öllum þeim, er hafi með höndum vinnslu eða sölu búvara sé skylt að láta ráðinu í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt. Í 1. mgr. 22. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að Bændasamtök

Íslands láta safna og gefa út nefnda skýrslu í stað Framleiðsluráðs áður. Í 2. mgr. 22. gr. er enn fremur kveðið á um að meðal þeirra upplýsinga sem láta skuli samtökunum í té séu upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. 68. gr. núgildandi laga er kveðið á um að skattstjórar skuli fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Þá segir í ákvæðinu að skattstjórum sé skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar séu í þessu sambandi.

Í 2. mgr. sömu greinar segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti ákveðið að seljendur fódurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu og að í þeirri skrá skuli tilgreina hverjir kaupendur séu, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

Með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, var innheimta svonefndra sjóðagjalda fært frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til innheimtumanna ríkissjóðs og með reglugerð nr. 431/1996 var greiðsla fódurtolls flutt til landbúnaðarráðherra. Er því ekki þörf á að halda nefndu ákvæði 68. gr. laga nr. 99/1993 í lögum.

Um 24.–26. gr.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, skal innheimta sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og skal það nema 2,65% af gjaldstofni skv. 3. gr. laganna. Skv. 6. gr. núgildandi laga skulu 0,275% af stofni gjaldsins renna til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 0,175% af stofni búnaðargjalds færist með verkefnum til Bændasamtaka Íslands og lækkar því búnaðargjaldið úr 2,65% af gjaldstofni í 2,55% sem þýðir um 17 milljóna króna lækkun á gjöldum bænda, þ.e. ef frumvarp þetta verður að lögum. Samkvæmt áætlun sem gerð hefur verið um kostnað á árinu 2000 við framkvæmd verkefna þeirra sem nú eru hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins en flytjast til Bændasamtaka Íslands má ætla að sá kostnaður nemi nálægt 40 milljónum króna. Sambærileg áætlun vegna rekstrar Framleiðsluráðs landbúnaðarins árið 1999 gerir ráð fyrir 72 milljóna króna rekstrargjöldum, en nokkur halli er á rekstri Framleiðsluráðs samkvæmt þeirri áætlun. Sparnaður af breytingunni nemur því um 32 milljónum króna á ársgrunni. Áætlað er að peningalegar eignir Framleiðsluráðs landbúnaðarins verði í árslok árið 1999 um 190.000.000 kr. Gert er ráð fyrir að þessar eignir verði lagðar í sjóð sem fylgi þeim verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem Bændasamtök Íslands taka við og að ávöxtun af honum verði varið til að standa undir hluta af framkvæmd þeirra.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna
niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.**

Tilgangur frumvarpsins er að leggja niður Framleiðsluráð landbúnaðarins og færa verkefni þess til Bændasamtaka Íslands og framkvæmdanefndar búvörusamninga. Með þessari breytingu verður hægt að nýta húsnæði þeirra betur og fækka um einn starfsmann. Samhliða þessu lækkar búnaðargjaldsgreiðsla bænda úr 2,65% af gjaldstofni í 2,55%.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Athygli er vakin á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að peningalegar eignir Framleiðsluráðs að upphæð 190 m.kr. færist til Bændasamtaka Íslands.